

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
sent á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 18. febrúar 2021

Umsögn frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur ekki afstöðu til framlagðs frumvarps um lágmarksíbúafjölda sveitarfélags og samstarf sveitarfélaga. Vísar stjórn á umsagnir einstakra aðildarsveitarfélaga á Vestfjörðum. Hér eru þó undanskilin ákvæði 2. og 9. greinar frumvarpsins, nánar um það síðar.

Stjórn Fjórðungssambandsins vísar að öðru leyti til ályktana 4. Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga frá í október 2019. Þetta eru þær ályktanir er varða efni frumvarpsins sem síðast hefur verið fjallað um á sameiginlegum vettvangi, sveitarfélaga á Vestfjörðum og fjalla um afstöðu til þessa máls. Efni ályktanna lýsa einnig áhyggjum sem sveitarstjórnarfulltúar hafa gagnvart stöðu og þróu innviða á Vestfjörðu og áhrif þeirrar stöðu á samstarfi sveitarfélaga.

Ályktanirnar eru sem hér segir.

Ályktun um lögbvingaðar sameiningar

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggst alfarið gegn lögbvingaðri sameiningu og þeirri aðferðafræði sem boðuð er til að knýja á um sameiningu minni sveitarfélaga. Þingið hvetur ráðamenn til að virða hagsmuni og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga í eigin málefnum. Sameining sveitarfélaga getur verið ákjósanleg og skynsamleg en slíkt verður að gerast á forsendum þeirra sem um ræðir.

Ályktun um sameiningar sveitarfélaga

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 bendir á að það er verkefni einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum að kanna vilja sinna íbúa til sameiningar. 4. Haustþing leggur til að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga muni ekki leiða eða beita sér í málefnum um sameiningu sveitarfélaga skv. þingsályktun um „Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033“ og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.

Þá telur 4. Haustþing að ekki sé komið að þeim tímamótum, að unnt sé að horfa til heildstæðrar sameiningar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum, þar sem enn eru samgöngur innan svæða sem og á milli svæða óbodlegar.

Á árinu 2019 eru enn mörg svæði og byggðakjarnar innan Vestfjarða sem ekki er unnt að horfa á sem eitt atvinnusvæði allt árið um kring. Það er því nauðsynlegt að sveitarfélögin fái það svigrúm sem þingsályktunin gerir ráð fyrir til að ræða sín á milli um frekari sameiningar og samgönguúrbætur, áður en horft verði til sameiningar Vestfjarða í heild sinni.

Ályktun um aukið samstarf

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmanvík 2019, hvetur sveitarstjórnarfolk á Vestfjörðum til að vinna að auknu samstarfi sveitarfélaganna og leggja sig fram við að viðhalda samstöðu þar á milli. Með því að snúa bökum saman verða sveitarfélögin betur í stakk búin til að auka gæði þjónustu sem þau veita og styðja við uppbyggingu öflugis atvinnulífs. Þar erum við að hefja stórsókn og er gott samstarf lykillinn að árangri. Það er skylda okkar sveitarstjórnarfólks að vera stanslaust vakandi fyrir leiðum til að vinna betur saman, með þjónustu við íbúa að leiðarljósi.

Ályktun um vinnuhóp

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmanvík 2019 leggur til að stofnaður verði vinnuhópur til að kanna hug íbúa til þeirrar þjónustu sem þeir gera kröfu um að verði til staðar í hverju samfélagi á Vestfjörðum. Forgangsatíði í því sambandi er aukin og bætt þjónusta við íbúa og fyrirtæki. Má þar nefna bættar samgöngur, öflugt heilbrigðiskerfi, skilvirk stjórnsýsla og aukin fjölbreytni í atvinnulífi fyrir alla íbúa.

Hér skal upplýst að Vestfjarðastofa, sem fer með málefni Fjórðungssambands Vestfirðinga, vinnur nú á gerð innviðaaætlunar fyrir Vestfirði grundvelli ályktana um aukið samstarf og um stofnun vinnuhóps. Öflugir innviðir eru forsenda fyrir þróun samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum og eru hindrun í þróun landshlutans þó að náðst hafi verulegir áfangar í þeim efnum á síðustu árum. Óskar Vestfjarðastofa eftir fundi með umhverfis og samgöngunefnd til að fara yfir efni áætlunarinnar þegar hún liggur fyrir eða hlutar hennar m.a. jarðgangáætlun.

Um 2. gr, notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða sveitarfélaga. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður markmið þessa ákvæðis m.a. til að efla þátttöku íbúa í fjölkjarnasveitarfélögum og í strjálbýli á þessum vettvangi.

Um 9. gr Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður þau ákvæði sem hér eru lögð til, en samtímis verður að gera kröfu til stjórnvalda um skilgreiningu, framkvæmd og fjármögnun á opinberri þjónustu og jöfnun aðgengis. Vísast hér til markmiða Byggðaaætlunar 2018-2024 um jöfnun á aðgengi, tækfærum til atvinnu og sjálfbærri þróun byggðar um land allt og tilgreindra verkefna áætlunarinnar sem hrinda eiga markmiðum í framkvæmd, m.a. verkefni A.18. *Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér jafnframt rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum þessa máls.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri